

Fjölmennt er aðili að hátíðinni List án landamæra og hefur átt fulltrúa í stjórn hennar frá byrjun. List án landamæra er árleg listahátíð með áherslu á fjölbreytileika mannlífsins. Á hátíðinn vinnur listafólk saman að allskonar list. Það leiðir til auðugra samfélags og aukins skilnings manna á milli. Markmið hátíðarinnar er að auka gæði, gleði, aðgengi, fjölbreytni og jafnrétti í menningarlífinu. Með hátíðinni er unnið að því að koma list fólks með fötlun á framfæri og koma á samstarfi á milli fatlaðs og ófatlaðs listafólks.

Ávinningur af listahátíðinni List án landamæra:

- List án landamæra leggur áherslu á jákvæða birtingarmynd fólks með fötlun sem fullgildra þátttakanda.
- Listafólk og þátttakendur í hátíðinni eru fyrirmyndir. Áhrifamáttur fyrirmynda er mikill og mikilvægt að fyrirmyndir séu "allskonar" og spegli samfélagið í sinni fjölbreyttustu mynd.
- List án landamæra eykur skapandi virkni og hvetur til þátttöku í menningarlífinu.
- Á hátíðinni skarast ósýnileg landamæri.
- List án landamæra skapar tækifæri.
- List án landamæra greiðir leiðir og tengir fólk saman.
- List án landamæra stuðlar að aukinni þekkingu sem leiðir af sér minni fordóma.
- List án landamæra eykur jákvæða umfjöllun um fólk með fötlun í fjölmiðlum.
- List án landamæra skapar vettvang milli fatlaðs og ófatlaðs listafólks og eykur þannig fjölbreytileika mannlífsins.
- Í kringum hátíðina eykst jákvæð umfjöllun í fjölmiðlum um fólk með fötlun til muna.